

7. Fundur í Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri þriðjudaginn 14. apríl 2015.

Mætt eru Sverrir Möller, Maríus Halldórsson, Steinunn Halldórsdóttir, Sigríður Ósk Indriðadóttir og Sigríður Margrét Gamalíelsdóttir sem varamaður fyrir Ævar Marinósson.

Sverrir formaður setti fundinn kl 17:00. Formaður bauð fundarmenn og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki

Dagskrá fundar:

1. Umhverfismál.
2. Refa og minnka eyðing.
3. Erindi frá sveitarstjórn vegna fundar um málefni þjóðlenda.
4. Erindi frá Eiðisbændum.
5. Önnur mál

1. Umhverfismál:

Maríus hafði kynnt sér sorphirðu hjá nokkrum sveitarfélögum í næsta nágrenni. Hann tók sem dæmi hvernig málum er háttað í Hörgársveit. Þar hefur verið sett fram sorphirðudagatal fyrir árið þar sem fram kemur hvaða daga, hversu oft, hvaða sorp er sótt. Ef sorphirðu bílinn kemst ekki vegna veðurs er það tilkynnt inn á heimasíðu Hörgársveitar www.horgarsveit.is

Landbúnaðarnefnd leggur til að sveitarfélagið og Íslenska Gámafélagið komi á varanlegu samkomulagi varðandi alla sorphirðu í dreifbýlishluta sveitarfélagssins. Leggjum við jafnframt til að sett verði upp dagatal þar sem fram komi skipulag sorphirðu, samanber dagatal Hörgársveitar.

Sjá www.horgarsveit.is /þjónusta/úrgangsmál/sorphirða.

Afar mikilvægt er að sveitarfélagið fylgi síðan samkomulaginu eftir og sé með vakandi auga fyrir því hvort sorpið sé hirt.

Um er að ræða allt sorp er til fellur á heimilum og bújörðum:

- Heimilissorp (óflokkað)
- Endurvinnsluefni
- **Heyrúlluplast > (söfnunarferðir mánaðarlega frá nóvember til júní)**
- Brotajárn > (söfnunarferðir tvisvar á ári, í júní og október)
- Timbur > (söfnunarferðir tvisvar á ári, í júní og október)
- Hjólbarðar > (söfnunarferð einu sinni á ári, í júní)
- Spilliefni s.s. rafgeymar, málningarafgangar ofl > (söfnunarferð einu sinni á ári, í júní)
- Dýrahæ > söfnunarferð, losa gámana reglulega, sérstaklega vor/sumar.

Við leggjum til að komið verði fyrir gámum á þremur stöðum í sveitarfélaginu, úti á nesi, í Bakkafirði og á innbæjum. Gámarnir þurfa að vera staðsettir sem fjærst vegi en

samt þannig að þægilegt sé að komast að þeim bæði fyrir þá sem setja í þá og þá sem losa þá.

Í dag er staðann þannig í sveitinni, að gráa tunnan hefur ekki verið losuð síðan í janúar og flæðir því heimilissorp um allt og safnast upp ruslapokar. Rúlluplast er ekki sótt nema haft sé í hótunum.

1a. Ásýnd jarða: Girðingalög.

Í 12 gr girðingarlaga segir „Þegar lögð er girðing af ábúanda fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 16. Gr. Ábúðarlaga, nr 64/1976. Öllum umráðamönnum lands er skylt að hreinsa burtu af landi sínu ónothæfar girðingar og girðingarflækjur. Nú vanrækir umráðamaður lands þessi fyrirmæli í eitt ár eftir að lög þessi öðlast gildi og er þá sveitarstjórn skylt að framkvæma verkið á hans kostnað að fengnu mati búnaðarsambands og á sveitarstjórn þá lögverð í jörðinni fyrir greiðslu kostnaðar. Það sama gildir um eyðijarðir“.

Í 13 gr girðingalaga segir „Brot gegn lögum þessum varða sektum. Með brot móti lögum þessum og samþykktum sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála“.

Landbúnaðarnefnd leggur til að sveitarfélagið ráði úttektarmann til að skoða jarðir með tilliti til ónýtra girðinga sem eru hættu valdandi fyrir skepnur og ljótar ásýndar. Eftir að úttekt hefur farið fram verði landeiganda sent bréf um ástandið og hvað gera skal. Niðurrif girðinga þarf að vera lokið fyrir mánaðarmótin ágúst/september. Ef landeigendur vilja, þá geta þeir leitað til sveitarfélagsins vegna tækja til verksins og einnig leitað sér upplýsinga varðandi förgun á efninu. Ef landeigandi sinnir ekki um skyldur þessar, þarf sveitarfélagið að ganga í verkið samkvæmt 12 gr. girðingarlaga (sjá að ofan).

2. Refa og minnkaeyðing. Umfjöllun frestað til næsta fundar þar sem Ævar komst ekki á fundinn. Hann átti að sjá um málið.

3. Erindi frá sveitarstjórn, varðandi fund um málefni þjóðlenda sem boðaður er 21. maí á Húsavík.

Landbúnaðarnefnd mælist til að sveitarstjóri eða einhver fyrir hans hönd sitji fundinn þar sem bændur eru í háannatíma í sauðburði á þessum tíma ársins.

4. Erindi frá Eiðisbændum, ágangur sauðfjár.

Sverri les upp erindið frá Eiðisbændum og innihald þess er rætt. Sverrir var búinn að ræða við fjallskilastjóra, Sigurð Þór um erindið fyrir fundinn. Fjallskilastjóri sendi bréf inn á fundinn sem stílað er á landbúnaðarnefnd og sveitarstjórn. Bréfið lesið upp og rætt. Sverrir hafði einnig samið bréf vegna erindis Eiðisbænda sem hann las upp og rætt var um. Bæði bréfin verða send áfram til sveitastjórnar.

5. Önnur mál.

Steinunn les upp reglur um reiðvegafé. Þar segir „ Reiðvegafé er árlegt framlag af vegafé. LH (Landssamband hestamannafélaga) hefur til þessa úthlutað rúmum helming upphæðarinnar en Vegagerðin því sem eftir er“.

Framlag sveitarfélaga

„Framlög sveitarfélaga til reiðvegagerðar hafa aukist verulega á undanförunum árum. Fyrst og fremst er um að ræða reiðvegagerð innan hesthúsaferfa og í nánasta umhverfi þeirra, samfara uppbyggingu annarrar aðstöðu fyrir hestamannafélög í viðkomandi sveitarfélagi. Einnig hafa sveitarfélög lagt fé að mörkum við almenna reiðvegagerð (héraðsleiðir, stofnleiðir), sér í lagi þar sem áhersla er lögð á ferðapjónustu sem atvinnugrein. Við úthlutun af reiðvegafé hefur mótframlag úr héraði verið litið jákvæðum augum. Árlegt mótframlag hefur numið allt að 40% af úthlutaðu reiðvegafé og er þá ekki meðtalin uppbygging á hesthúsasvæðunum þar sem almennt hefur ekki verið veitt í hana fé af reiðvegafé“.

Aðrar fjármögnunarleiðir

„Aðrar fjármögnunarleiðir eru fyrst og fremst í formi sjálfboðavinnu og framlags landeigenda. Fulltrúar hestamannafélaga um allt land hafa gegnum tíðina lagt til vinnu og tæki við reiðvegagerð og drýgt þannig framlag af úthlutaðu reiðvegfé. Færst hefur í aukana að landeigendur leggi til land undir reiðvegi án endurgjalds, einkum þegar um er að ræða flutning á reiðvegi frá akvegum landsins og því út fyrir vegsvæði Vegagerðarinnar“.

Ákveðin var að halda næsta fund í júní, nánar dagsett síðar.

Dagskrá fundarins:

Sveitarstjóri fenginn á fundin til þess að upplýsa landbúnaðarnefnd um stöðu þeirra mála er nefndin hefur sent frá sér.

Fundi slitið kl 18:40.